

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74 11. júní 1938, og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 9. júní 2004.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sjóvá–Almennum tryggingum hf. og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er ætlunin að samræma ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns og laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA þykja núgildandi ákvæði um skilyrði um lögheimili til að mega stunda atvinnurekstur fela í sér höft og óbeina mismunun sem ekki fái án réttlætningar samrýmst 31. gr. samningsins um staðfesturétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Atli Gíslason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitum þessu.

Alþingi, 10. mars 2005.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Kjartan Ólafsson.

Bryndís Hlöðversdóttir.

Birgir Ármannsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Sigurjón Þórðarson.

Guðrún Ögmundsdóttir.